

heimildir, skýra alls ekkert frá æfi eða persónu, en fara nokkrum orðum um kennningar hans; má því að öllu leyti sleppa þeim sem vitnisburði er nokkuð verði byggt á. Verða þá eftir tvar heimildir, það er persónulýsing fyrstu þriggja, eða samistæðu guðspjallanna, og Jóhannesar guðspjall, er um verði talað frá fornnum tíma. Hvorug þessi lýsing er þó beinn vitnisburður sjónarvotta, þó að líkendum samstaðu guðspjöllin sín Lygð á sögulegum grundvelli. Aftur er Jóhannesar guðspjall heimspekileg ritgjörð, og alls ekki saga, eins og hinn langi formáli guðspjallsins bendir til.

Vitnisburður þessara tveggja heimilda er sá elzti er vér höfum um Krist, er því fróðlegt að bera hann saman. Lúkas byrjar bók sína með formála, eins og Jóhannes. Hann segist skrifa vini sínum Peoíslusi til fréðleiks og uppbyggingar um þá atburði er gjörst hafi í sambandi við þenna dularfulla mann. Hann byrjar með þjóðsögninni um yfirnáttúrlegann getnað, en að henni lokinni kemur æfisagan, mjög svo óbrotin. Jesú er fæddur og uppalinn í Nazaret, er fátækur, og af fátækum komian. Um þær mundir, í líkingu við spámennina gömlu, er maður að ferðast um og prédika, er Jóhannes heitir. Ofsa og æsinga maður, er fyrirdæmir allt prjál og skipulag þessa heimes. Hann sveltur heilum dögum eða lisir á viltum ávoxtym jarðar. Hann klædist dýraskinnum. Þessi maður er einnig attaður ír Galilea. En í Galilea var margt að á þeim dögum, er þrengdi kosti manna. Þar bjó fólk af ýmsum þjóðflokkum, því þar mættust þjóðirnar að vestan og þjóðirnar að austan, á sínum miklu flutningum. Jafnvel Norðurlanda þjóðir höfðu farið austur, og týnst á mörkum Sýrlands og Galilea.

Skoðanir manna urðu því tölувvert óaustrænar þegar öllu sló saman. Sögnin um hebreiskan uppruna fólksins og yfírráð Júðatrúarinnar hélt þó fólkjnu í andlegri ánaud við mýsterið þjónustuna í Jerúsalem, og eymd landsins var oftast eignuð kúgun Rómverjans, en ekki hinu trúarlega fargi er menn hvíldu undir.

Þegar Jóhannes kom fram, og á hebreiska vísu kendi öfugri trúarskoðun um eymd landsins, var eins og opnuðust augu manna.